




Reykjavík, 2. september 2024

MSS24090009

## TILLAGA

### Tillaga íbúaráðs Laugardals um umferðaröryggi við Dalbraut og Sæbraut

Lagt er til að íbúaráð Laugardals samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að bæta umferðaröryggi bíla með beygjuljósi þegar keyrt er upp Dalbraut að Sundagarðum og beygt til vinstri inn á Sæbraut. Þarna hefur fólk oft komist í krappan þegar stór ökutæki byrgja ökumönnum sýn á umferð úr gagnstæðri átt. Ökumenn sem keyra frá Sundagarðum til suðurs yfir gatnamótin og inn á Dalbraut hindra sýn á aðra sem koma samsíða og eru á leið beint yfir, stundum á töluverðum hraða sem gerir fyrrgreinda vinstri beygju hættulega.



Reykjavík